

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús kr. 9 427,00
 - b) Vatnsgjald á ári pr.m³ húss kr. 40,79
- Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimádagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400—2000 m³:

Fyrir 400 m³ kr. 134 641,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 116,32

Hús stærri en 2000 m³: kr. 321 272,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 93,15

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 8 514,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 635,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 376 15. ágúst 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

18. mars 1987

Nr. 125

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. sbr. rgl. nr. 149/1983 skal bann við öllum veiðum á svæði fyrir Suðurlandi ekki taka gildi fyrr en frá og með 28. mars 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

26. mars 1987

Nr. 126

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórn málasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórn málasamtaka, sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 90 6. mars 1987, sem hér segir:

J—listi Samtaka um jafnrétti og félagshyggju

M—listi Flokks mannsins

S—listi Borgaraflokksins

P—listi Þjóðarflokksins

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1987.

F.h.r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.